



Borgarráð

Reykjavík, 31. mars 2025

MSS25030151

## **Stofnun opinbers hlutafélags um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu**

Lagt er til að borgarráð samþykki, og vísi til staðfestingar borgarstjórnar, bókun frá 602. fundi stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (hér eftir SSH), þann 28. mars 2025, vegna stofnunar opinbers hlutafélags um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu, sbr. hjálögð gögn.

Nánar tiltekið er lagt til að borgarráð samþykki eftirfarandi:

- Að Reykjavíkurborg taki þátt í að stofna opinbert hlutafélag um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu, samþykki hjálögð stofnskjöl og feli borgarstjóra að undirrita þau fyrir hönd Reykjavíkurborgar.
- Að Reykjavíkurborg leggi hlutafélaginu til stofnfé að fjárhæð kr. 377.200.000 sem greiðist í átta mánaðarlegum greiðslum frá 1. maí að telja. Heildarstofnfé félagsins er kr. 1.000.000.000 og má nálgast nánari upplýsingar um skiptingu í hjálögðu hluthafasamkomulagi. Stofnfé Reykjavíkurborgar að fjárhæð kr. 377.200.000 verði fjármagnað með lækkun á áætluðu rekstrarframlagi til Strætó bs. um sömu fjárhæð, enda seinki fyrirhugaðri þjónustuaukningu nýs félags að hluta til yfir á næsta starfsár.

Heiða Björg Hilmisdóttir  
borgarstjóri

Hjálagt:

Bréf SSH vegna stofnunar opinbers hlutafélags um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu, dags. 28. mars 2025.

Minnisblað til stjórnar SSH og sveitarstjórna á höfuðborgarsvæðinu frá fulltrúum SSH í stýrihópi um undirbúning á nýju félagi um rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, dags. 27. mars 2025. Hluthafasamkomulag um stjórnskipulag og eignarhald milli íslenska ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu; Almenningsamgöngur ohf., dags. mars 2025.

Samþykktir fyrir hlutafélagið Almenningsamgöngur ohf., ódags.

Stofnsamningur vegna Almenningsamgangna ohf., ódags.



**Reykjavík**



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð Reykjavíkur  
Heiða Björg Hilmisdóttir  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

Kópavogur, 28. mars 2025.  
Málsnr. 2409007  
PBG/HH

## Efni: Stofnun opinbers hlutafélags um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu

Á 602. fundi stjórnar SSH, hinn 28. mars 2025, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

### 2409007 - Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

*Fyrirliggjandi eru drög að stofnskjöllum nýs félags um rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Þau voru áður lögð fram á 598. fundi. Framkvæmdastjóri kynnir.*

*Umrædd drög ásamt fyrirliggjandi minnisblaði eru nú lögð fram að nýju og lagt til að þau verði send sveitarfélögunum til umræðu og afgreiðslu. Afgreiðslu málsins á vettvangi sveitarfélaganna verði lokið á fundum sveitarstjórna í apríl.*

#### **Niðurstaða fundar:**

*Samþykkt. Framkvæmdastjóra er falið að senda fyrirliggjandi drög að stofnskjöllum hins nýja félags til sveitarfélaganna til umræðu og afgreiðslu.*

Í samræmi við samkomulag aðila frá 21. ágúst 2024 hefur sérstakur stýrihópur unnið að undirbúningi stofnunar nýs félags sem mun annast almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Nú liggja fyrir tillögur stýrihóps um stofnskjöl félagsins til samþykktar hjá aðildarsveitarfélögum SSH en nánari umfjöllun um m.a. meginlínur og forsendur, ásamt tímaáætlun er að finna í meðfylgjandi minnisblaði fulltrúa SSH í hópnum. Samkvæmt tímaáætlun er gert ráð fyrir stofnun hins nýja félags í apríl.

Til að stofnun félagsins geti átt sér stað þarf að liggja fyrir samþykki þess að sveitarfélagið taki þátt í að stofna umrætt opinbert hlutafélag og leggi hlutafélaginu til stofnfé. Vakin er athygli á því að stofnfé félagsins skal vera kr. 1.000.000.000 kr. sem greiðist í átta mánaðarlegum greiðslum frá 1. maí að telja, en nánari upplýsingar um skiptingu þess er að finna í fyrirliggjandi hluthafasamkomulagi. Jafnframt þarf að liggja fyrir samþykki þess að framkvæmdastjóri sveitarfélagsins undirriti samþykktir, stofnsamning og hluthafasamkomulag hlutafélagsins fyrir hönd sveitarfélagsins.

Er því samkvæmt framansögðu og fyrrgreindri bókun 602. fundar stjórnar SSH, farið fram á að meðfylgjandi gögn, sem tilgreind eru í stafliðum b), c) og d) verði tekin til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélagsins og að framkvæmdastjóra þess verði veitt fullt umboð til undirritunar þeirra. Er þá farið fram á að upplýsingar um afgreiðslu málsins berist í netfangið [ssh@ssh.is](mailto:ssh@ssh.is). Beðið er um skjóta afgreiðslu þessa máls þar sem gert er ráð fyrir stofnun félagsins fyrir lok aprílmánuðar.



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

Sé frekari kynningar óskað skulu beiðnir þess efnis berast undirrituðum í netfangið [pallbg@ssh.is](mailto:pallbg@ssh.is) eða síma 8218179.

Virðingarfyllt,  
Fyrir hönd SSH

\_\_\_\_\_  
Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

**Meðfylgjandi:**

- a) Minnisblað fulltrúa SSH í stýrihóp um undirbúning stofnunar nýs félags um rekstur almenningssamgangna dags. 27. mars 2025.
- b) Hluthafasamkomulag um stjórnskipulag og eignarhald félagsins Almenningsamgangna ohf.
- c) Samþykktir fyrir hlutafélagið Almenningsamgöngur ohf.
- d) Stofnsamningur fyrir hlutafélagið Almenningsamgöngur ohf.



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

---

---

## MINNISBLAÐ

---

---

- TIL:** STJÓRNAR SSH OG SVEITARSTJÓRNA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU.
- FRÁ:** FULLTRÚUM SSH Í STÝRIHÓPI UM UNDIRBÚNING Á NÝJU FÉLAGI UM REKSTUR ALMENNINGSAMGANGNA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU.
- EFNI:** STOFNSKJÖL NÝS FÉLAGS UM REKSTUR ALMENNINGSAMGANGNA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU OG MÁLEFNI STRÆTÓ B.S.
- DAGS:** 27.MARS 2025

Í samræmi við samkomulag aðila frá 21. ágúst 2024 og síðari kynningar og umræðu m.a. á vettvangi sveitarfélaganna í desember 2024 hefur stýrihópur unnið að undirbúningi stofnunar nýs félags sem mun skipuleggja, stjórna og fjármagna almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Nú liggja fyrir tillögur stýrihóps um stofnskjöl félagsins til samþykktar hjá aðildarsveitarfélögum SSH, þar á meðal hluthafasamkomulag og samþykktir.

Vinna á vegum stýrihóps við tillögur að skipulagi nýs félags er enn í gangi. Stefnt er að formlegri stofnun félagsins í lok apríl, að því gefnu að allir hluthafar veiti samþykki sitt. Eftir stofnun félagsins verður skipað í stjórn félagsins og í framhaldinu unnið að frekari útfærslum, skipulagi félagsins, samningagerð og frekari áætlanagerð á vettvangi þess.

### Meginlínur og forsendur

Hlutverk nýs félags er að skipuleggja, stjórna og fjármagna hágæða almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Stefnt er að því að nýtt félag taki þannig við þessum verkefnum frá Strætó bs. eigi síðar en 1. júlí nk. Fram að þeim tíma mun Strætó bs. halda utan um þessi verkefni í óbreyttri mynd á grundvelli samkomulags. Í tengslum við væntanlegt breytt fyrirkomulag verður gengið frá bráðabirgðagreiðslum frá ríkinu til Strætó bs. á því tímabili sem bráðabirgðafyrirkomulagið stendur. Hefur ríkið á tímabilinu janúar til mars 2025 greitt 151 millj. kr. á mánuði til Strætó bs. Á sama tíma hafa sveitarfélögin greitt

mánaðarlega 532 millj. kr. Gert er ráð fyrir að framlög sveitarfélaganna lækki og ríkisins hækki í samræmi við umsamda hlutfallsskiptingu frá og með 1. apríl nk.

Síðar verður gengið frá samkomulagi við stjórn nýja félagsins um hlutverk og þjónustu Strætó bs. og greiðslur eftir 1. júlí nk.

Samningsaðilar, ríki og sveitarfélög, höfðu gert með sér samkomulag í tengslum við uppfærslu samgöngusáttmála um að auka þjónustu Strætó frá 1. janúar 2025 og var gert ráð fyrir að fjármögnun þjónustuaukningar yrði tryggð í áætlun félagsins 2025. Vegna þess tíma sem tekur að undirbúa þjónustuaukningu, vegna samninga við akstursaðila um aukinn akstur og breytta tíðni og þeirra tafa sem orðið hafa á stofnun félagsins, o.fl. leggur stýrihópur til við aðila að fresta þjónustuaukningunni til 15. ágúst nk.

Hluti þeirra fjármuna sem upphaflega voru ætlaðir til aukinnar þjónustu 1. janúar til 14. ágúst 2025, um 1.000 millj. kr., verða í staðinn nýttir sem stofnframlag nýs félags. Gert er ráð fyrir að innheimta stofnframlaga hefjist 1. maí og dreifist jafnt á maí-desember 2025.

Greiðslufyrirkomulag og upphæðir eru nánar útfærð í fyrirbyggjandi drögum að stofnskjölum félagsins.

### **Verkaskipting félaga, akstur og yfirfærsla**

Strætó bs. mun, í samræmi við fyrri umræður aðila og samkvæmt nánari skilgreiningu og afmörkun í tíma, annast akstursþjónustu með sama hætti og aðrir akstursaðilar gera og verður gerður samstarfssamningur milli Strætó bs. og nýja félagsins hvað varðar áframhaldandi akstur á þeim leiðum sem Strætó bs. sinnir í dag. Er litið svo á að nauðsyn sé á slíkum samningi til að tryggja að ekki verði þjónusturof og brúa bilið meðan nýja félagið undirbýr og fer í útboð um akstur á öllum leiðum Strætó bs. og tímunn þar til akstursaðilar á grundvelli þess útboðs taka við akstrinum. Er raunhæft að ætla að það ferli taki að lágmarki tvö til þrjú ár en gert er ráð fyrir að frá og með því tímamarki verði allur akstur strætisvagna boðinn út.

Gengið er út frá því að greiðsla nýja félagsins til Strætó bs. vegna þessa samnings taki til alls kostnaðar við aksturinn, þ.á.m. kostnaðar vegna viðhaldsþarfar sem fylgir aldri vagnaflorens, hærri launakostnaðar vegna kjarasamninga opinberra starfsmanna og stjórnunarkostnaðar.

Hvað varðar önnur verkefni Strætó bs. en þau sem beinlínis lúta að akstri vagna er þá gert ráð fyrir að sérstakur yfirfærslusamningur vegna þeirra verði gerður milli Strætó bs. og nýja félagsins.

Er þá jafnframt gert ráð fyrir að nýja félagið verði aðili að aksturssamningum sem nú eru í gildi milli Strætó bs. og einkaaðila, þ.e. að aðilaskipti að þeim samningum fari fram.

## **Lagaleg álitamál tengd samningum við Strætó bs.**

Lög um opinber innkaup nr. 120/2016 kveða m.a. á um að innkaup opinberra aðila á kaupum á vörum og þjónustu skuli bjóða út séu þau yfir ákveðnum fjárhæðum. Framangreind nálgun gerir hins vegar ráð fyrir beinum samningum nýja félagsins við Strætó bs. um akstursþjónustu þar til útboði á þeim hluta akstursins er lokið.

Um samninga milli opinberra aðila gildir 13. gr. laga um opinber innkaup og eru slíkir samningar undanþegnir lögnum enda sé skilyrðum 13. gr. fullnægt. Við mat á því hefur m.a. verið leitað ráðgjafar hjá sérfræðingi í fjármála- og efnahagsráðuneytinu svo og lögmanni á fjármála- og áhættustýringarsviði Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt heildstæðri skoðun á öllum ákvæðum 13. gr. laganna er niðurstaðan sú að skilyrði hennar séu uppfyllt og að samningur milli nýja félagsins og Strætó bs. falli undir 1. mgr., sbr. 2. mgr., 13. gr. Byggir framangreint á því að Strætó bs. er að fullu í eigu sveitarfélaganna, lýtur stjórn þeirra og starfsemi þess er fjármögnuð af sveitarfélögnum. Þá er yfir 80% verkefna Strætó bs. falin því af sveitarfélögnum og teljast því öll skilyrði 1. mgr. sbr. 2. mgr. uppfyllt. Taki efnisreglur laganna því ekki til fyrrgreinds samnings og því heimilt að gera hann án undangengins útboðs.

Þá hefur á vettvangi stýrihópsins verið nokkur umfjöllun um ákvörðun ESA í máli nr. 81738 sem varðaði ríkisaðstoð í formi tekjuskattsundanþágu Sorpu bs. Hefur þannig verið til umræðu hvort sambærileg sjónarmið geti átt við þegar komi að því að semja beint við Strætó bs. um akstur. Liggur niðurstaða þeirrar umræðu ekki endanlega fyrir en ætla má að um almenningssamgöngur kunni að gilda önnur sjónarmið en um efnahagslega starfsemi á sviði úrgangsméðhöndlunar. Nánari greining á þessum atriðum á þó eftir að fara fram samhliða samningsgerðinni. Eigi sömu sjónarmið eftir sem áður við og í máli Sorpu bs. verður nægilegt svigrúm verði til viðbragða enda markmiðið það að allur akstur verði boðinn út og skal þá áréttað að með tillögðu fyrirkomulagi er komið í veg fyrir að rof verði á þessari mikilvægu þjónustu.


## **Kostnaður við breytingar**

Almennt fylgir breytingum kostnaður til skamms tíma en ekki liggur fyrir endanleg greining á kostnaði við uppskiptingu Strætó bs. Nú stendur yfir vinna við uppfærðar greiningar og útfærslur en endanleg niðurstaða mun ekki liggja fyrir fyrr en ný stjórn nýja félagsins kemur að borðinu. Þá verður hægt að uppfæra kostnaðarskiptingu á milli félaga, verkefni, skipulag og fleira. Allt bendir til þess að samþykkt áætlun Strætó bs. og fyrirliggjandi áætlun nýs félags fyrir árið 2025 rúmi rekstur beggja félaga og þann kostnað sem fellur til á árinu við breytingarnar.

Til lengri tíma litið verður þó að horfa til þess að eigið fé Strætó bs. er neikvætt og að lífeyrisskuldbindingar og uppsafnaður rekstrarvandi leysist ekki með stofnun nýs félags. Eigendur og stjórn Strætó bs. þurfa að taka ákvörðun um framtíð byggðasamlagsins í framhaldi af þessum breytingum á hlutverki Strætó bs.

Eins þarf að tryggja að Strætó bs. geti staðið við skuldbindingar sínar um akstursþjónustu gagnvart nýja félaginu í takt við ákvæði og tímamörk í samningi þegar hann liggur fyrir. Þessi kostnaður rúmast í áætlun 2025 en það stendur yfir vinna við að kortleggja mögulegar leiðir og útfærslur til lengri tíma. Þarf að skoða það sérstaklega í ljósi aldurs og viðhaldsþarfar vagnaflotans.

## Tímalína



---

# HLUTHAFASAMKOMULAG

UM STJÓRNSKIPULAG OG EIGNARHALD

MILLI

ÍSLENSKA RÍKISINS

OG

SVEITARFÉLAGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

---

ALMENNINGSSAMGÖNGUR OHF.

mars 2025



## HLUTHAFASAMKOMULAG

Íslenska ríkið (ríkið) annars vegar, nánar tiltekið forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og innviðaráðherra

og

sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hins vegar, nánar tiltekið Reykjavíkurborg, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogsbær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær, gera með sér eftirfarandi hlutahafasamkomulag í tengslum við eignarhald og stjórnskipulag í félaginu Almenningsamgöngur ohf., hér eftir nefnt „félagið“.

### 1 FÉLAGIÐ

Samhliða uppfærslu á samkomulagi aðila frá 26. september 2019 um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum á höfuðborgarsvæðinu, (hér eftir nefndur „Samgöngusáttmáli“), hinn 21. ágúst 2024, gerðu ríkið og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu með sér samkomulag um rekstur almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt 1. gr. samkomulagsins eru aðilar sammála um að koma á fót félagi eða rekstrareiningu um almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Stofnfé félagsins skal vera kr. 1.000.000.000,- einn milljarður króna. Hlutfé félagsins skiptist á milli hluthafa þess skv. neðangreindri sundurliðun.

Nafn	Kennitala	Nafnverð hlutfjár	
Ríkissjóður Íslands	540269-6459	330.000.000	33%
Reykjavíkurborg	530269-7609	377.200.000	37,72%
Garðabær	570169-6109	53.100.000	5,31%
Hafnarfjarðarkaupstaður	590169-7579	84.100.000	8,41%
Kópavogsbær	700169-3759	106.900.000	10,69%
Mosfellsbær	470269-5969	36.500.000	3,65%
Seltjarnarnesbær	560269-2429	12.200.000	1,22%

Eigendur greiða inn stofnfé félagsins í átta jöfnum greiðslum frá 1. maí 2025 að telja. Greiðslur skal inna af hendi fyrsta dags hvers mánaðar. Þann 1. desember 2025 verður stofnfé því að fullu greitt.

Tilgangur félagsins er að annast þróun, skipulag og rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu með sjálfbærni að leiðarljósi. Reksturinn tekur jafnt til leiðakerfis hefðbundinna strætisvagnleiða og Borgarlínu. Nánar tiltekið er tilgangur félagsins að stuðla að hagkvæmum hágæða almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu, stuðla að því að loftslagsmarkmiðum stjórnvalda um sjálfbært, kolefnishlutlaust borgarsamfélag verði náð, stuðla að auknu umferðaröryggi og að tryggja skilvirkt samstarf milli ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um trausta umgjörð á uppbyggingu hágæða almenningssamgangna.

Hlutverk og helstu verkefni félagsins eru að veita almenna þjónustu á sviði almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, taka þátt í þróun uppbyggingar innviða almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi við Betri samgöngur ohf., vinna að áframhaldandi þróun og áætlanagerð vegna almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, stýra daglegum rekstri fyrirtækisins og fylgja eftir fyrirbyggjandi áætlunum, móta stefnu fyrirtækisins varðandi leiðarkerfi, þjónustustig og fargjöld, framkvæma útboð og innkaup í samræmi við fyrirbyggjandi áætlanir og að miðla til eigenda hvernig unnið er að því að ná fram þeim markmiðum sem skilgreind hafa verið með árangursmælingum.

Félagið og hluthafar skulu gera með sér samning um þá þjónustu sem félagið veitir hluthöfum. Þjónustan mun m.a. felast í að annast þróun, skipulag og rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, í samræmi við tilgang félagsins. Í samningnum skal m.a. skilgreina þjónustuna, fjalla um greiðslur fyrir hana, upplýsingagjöf um framkvæmd samningsins og aðra þætti sem eru metnir nauðsynlegir.

Félaginu er ekki ætlað að skila arði og er hluthöfum óheimilt að taka arð út úr félaginu. Verði hagnaður af starfsemi félagsins skal honum ráðstafað í starfseminni til samræmis við samþykktir félagsins.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (hér eftir nefnd SSH) fer með eigendaumboð fyrir þau sveitarfélög, sem aðild eiga að félaginu, og kemur fram fyrir þeirra hönd innan félagsins og á hluthafafundum. Umboð þetta er óafturkallanlegt af hálfu einstakra sveitarfélaga á meðan hluthafasamkomulag þetta er í gildi.

Aðilar hluthafasamkomulags þessa hafa ákveðið að gera samkomulag þetta í þeim tilgangi að koma skipulagi á samskipti sín á milli vegna hlutafjäreignar sinnar í félaginu. Hluthafar skuldbinda sig til þess að beita atkvæðisrétti sínum á hluthafafundum í félaginu með þeim hætti að samrýmist ákvæðum hluthafasamkomulags þessa.

## 2 STJÓRNSKIPULAG FÉLAGSINS

### 2.1 Hluthafafundur – aðalfundur

Hluthafafundur fer með æðsta vald innan félagsins og skal framfylgja stefnu félagsins. Á hluthafafundi félagsins fer fjármála- og efnahagsráðherra (hér eftir ráðherra) með atkvæðisrétt ríkisins og formaður stjórnar SSH með atkvæðisrétt fyrir hönd og í umboði sveitarfélaganna. Geta þeir veitt öðrum umboð til að fara með atkvæðarétt á fundinum fyrir þeirra hönd en óheimilt er að skipta atkvæðarétti upp eða fela fleiri en einum umboð til að fara með atkvæði fyrir þeirra hönd.

Fyrirsvarsmönnum hluthafa, auk kjörinna fulltrúa þeirra, er heimilt að sækja hluthafafund og taka þar til máls og bera upp fyrirspurnir.

Aðalfundur félagsins skal vera opinn öllum kjörnum fulltrúum eigenda félagsins, þ.e. bæði þingmönnum og sveitarstjórnarmönnum svo og framkvæmdastjórum viðkomandi sveitarfélaga og skulu þessir aðilar hafa rétt til að taka til máls á fundinum og bera upp fyrirspurnir. Þá skal fulltrúum fjölmiðla heimilt að sækja aðalfund félagsins.

## 2.2 Stjórn félagsins

Stjórn félagsins skal skipuð fimm (5) einstaklingum og tveimur (2) til vara. Ráðherra skal tilnefna tvo (2) stjórnarmenn og einn (1) varamann, sem skal vera varamaður fyrir þá stjórnarmenn sem tilnefndir eru af ríkinu. SSH skal tilnefna þrjá (3) stjórnarmenn og einn (1) varamann, sem skal vera varamaður fyrir þá stjórnarmenn sem tilnefndir eru af SSH. Atkvæði formanns ræður úrslitum falli atkvæði jöfn innan stjórnar.

Við tilnefningu hluthafa á einstaklingum í stjórn skal horft til þess að stjórnin sé ávallt skipuð hæfum einstaklingum með fjölbreytta og haldgóða reynslu eða þekkingu á almenningssamgöngum eða rekstri sem hæfir félaginu og þjóni sem best hagsmunum þess. Stjórnarmenn skulu ekki vera kjörnir fulltrúar, hvort heldur sem er á Alþingi eða í sveitarstjórn. Gæta skal að því að kynjahlutfall við tilnefningu í stjórn félagsins sé til samræmis við gildandi lög hverju sinni.

Það er markmið hluthafa að festa verði til staðar í stjórn félagsins og að stefnt verði að því að sérfræðilækking byggist upp innan stjórnarinnar til að tryggja að vel takist til með framkvæmd verkefnisins. Til að ná því markmiði skal við tilnefningu miða við að formaður geti setið að lágmarki í fjögur ár og aðrir stjórnarmenn að lágmarki í tvö ár.

Stjórn SSH skipar formann stjórnar félagsins án tilnefningar úr hópi stjórnarmanna félagsins. Tilkynna skal ráðherra um fyrirhugað val á nýjum formanni með hæfilegum fyrirvara fyrir aðalfund áður en val formanns er staðfest. Ráðherra tilnefnir varaformann úr hópi stjórnarmanna og skal SSH jafnframt tilkynnt um fyrirhugað val með hæfilegum fyrirvara áður en það er staðfest. Stjórn skal á fyrstu tveimur vikum í starfi gera starfsáætlun um fjölda stjórnarfunda. Stefnt skal að því að stjórnarfundir séu ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði fyrsta árið. Stjórn skal setja sér starfsreglur þar sem kveðið verður nánar á um boðun funda og frágang fundargerða.

Stjórnarfundir félagsins eru lögmætir og ályktunarhæfir ef löglega er til þeirra boðað og meirihluti stjórnar sækir fund. Stjórnarfundir eru ekki ályktunarhæfir til að taka óvenjulegar og/eða veigamiklar ákvarðanir nema allir stjórnarmenn, eða varamenn þeirra ef stjórnarmenn forfallast, sæki fundinn. Til slíkra ákvarðana teljast t.a.m. ákvarðanir um gerð þjónustusamninga, þar sem félagið er verksali, við hluthafa eða aðra aðila, og breytingar á áætlunum félagsins. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri félagsins. Stjórn félagsins er heimilt að láta fundi fara fram með rafrænum hætti, að skilyrðum varðandi boðun funda og fundargögn uppfylltum.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og hefur eftirlit með störfum hans.

Stjórn félagsins ber ábyrgð á því að vinna að og ná markmiðum félagsins samkvæmt samþykktum þess og stefnu, gerð þjónustusamnings við hluthafa, annarri samningagerð, eftirfylgni með samningum og fjármögnun verkefna félagsins og fjárreiðum þess.

### **2.3 Samráðsvettvangur félagsins og Betri samgangna ohf.**

Stjórn félagsins skal hafa forgöngu um að koma á laggirnar samhæfingarhóp milli félagsins og Betri samgangna ohf. og skal framkvæmdastjóri félagsins sitja í honum auk annarra sem tilnefndir eru af stjórn. Stjórn skal sömuleiðis óska eftir tilnefningum frá stjórn Betri samgangna ohf. í samhæfingarhópinn. Framkvæmdastjóri félagsins veitir vinnu hópsins forstöðu.

Samhæfingarhópur hefur það hlutverk að halda uppi virku samtali á milli fyrrgreindra aðila um samhæfingu skipulagsmála, framkvæmda og þjónustu.

Auk samhæfingarhóps eru eigendur sammála um að stofnaður verði stýrihópur verkkaupa sem verður nánar útfærður í þjónustusamningi milli félagsins og eigenda þess.

## **3 RÉTTUR TIL UPPLÝSINGA**

Framkvæmdastjóri skal mánaðarlega á stjórnarfundum leggja fram yfirlit yfir rekstur og stöðu helstu verkefna félagsins, þar með talið lykiltölur úr rekstri og þjónustu fyrir síðasta almanaxsmánuð samanborið við áætlun. Ársfjórðungslega skal framkvæmdastjóri leggja fram útkomuspá.

Stjórn félagsins getur kallað eftir nánari upplýsingum frá framkvæmdastjóra um rekstur félagsins eða einstaka liði í reikningum þess. Umbeðnar upplýsingar skulu í öllum tilvikum vera aðgengilegar öllum stjórnarmönnum og varamönnum félagsins á sama tíma.

Stjórn félagsins skal, að lágmarki á 6 mánaða fresti, skila skýrslu til hluthafa um framgang verkefna og stöðu félagsins.

Hluthafar geta óskað eftir nánari upplýsingum frá stjórn félagsins um rekstur þess eða einstaka verkefni.

## **4 HÖMLUR Á MEÐFERÐ HLUTA**

Hluthafa er óheimilt að selja, lána, veðsetja, gefa eða framselja á annan hátt hluti sína í félaginu í heild eða hluta, án skriflegs samþykkis stjórnar félagsins. Hluthöfum er þó heimilt án skriflegs samþykkis stjórnar félagsins að framselja hluti sína í félaginu til annarra hluthafa þess. Ekki er heimilt að framselja hluti félagsins til annarra en stofnenda félagsins.

## **5 SAMÞYKKTIR FÉLAGSINS**

Komi í ljós að einstökum ákvæðum samþykktu félagsins þurfi að breyta til samræmis við hluthafasamkomulag þetta skal stjórn tafarlaust boða til hluthafafundar og færa samþykktir

til samræmis við hluthafasamkomulagið. Meiri hluti stjórnar og/eða prókúruhafi skulu tryggja að slíkar breytingar séu tilkynntar til fyrirtækjaskrár.

Komi í ljós að ákvæði hluthafasamkomulags þessa og samþykktu félagsins eru ósamrýmanleg skulu ákvæði hluthafasamkomulagsins ganga framar í lögskiptum milli hluthafa. Hluthafar skulu þá ávallt leitast við að túlka samþykktir félagsins til samræmis við efni og tilgang hluthafasamkomulags þessa og breyta samþykktum félagsins ef í ljós kemur að samþykktir og hluthafasamkomulagið eru ekki samhljóma.

## 6 TILKYNNINGAR

Allar tilkynningar sem aðilar senda sín á milli samkvæmt hluthafasamkomulagi þessu skulu vera skriflegar (þ.m.t. tölvupóstur), nema annað sé tekið fram, og sendar á eftirfarandi aðila:

Tilkynningum til ríkisins skal beint til:

Nafn: Fjármála- og efnahagsráðuneytis

Heimilisfang: Arnarhvoll við Lindargötu, 101 Reykjavík

Tölvupóstur: postur@fjr.is

Tilkynningum til Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu skal beint til:

Nafn: Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Heimilisfang: Hamraborg 9, 200 Kópavogur

Tölvupóstur: ssh@ssh.is

Tilkynningum til Reykjavíkurborgar skal beint til:

Nafn: Reykjavíkurborg, vt. skjalavarsla borgarráðs

Heimilisfang: Ráðhús Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík

Tölvupóstur: skjalastyring@reykjavik.is

Tilkynningum til Garðabæjar skal beint til:

Nafn: Garðabær

Heimilisfang: Garðatorgi 7, 210 Garðabæ

Tölvupóstur: gardabaer@gardabaer.is

Tilkynningum til Hafnarfjarðarkaupstaður skal beint til:

Nafn: Hafnarfjarðarkaupstaður,

Heimilisfang: Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður

Tölvupóstur: hafnarfjordur@hafnarfjordur.is

Tilkynningum til Kópavogsbæjar skal beint til:

Nafn: Kópavogsbær, vt. skjalavarsla

Heimilisfang: Digranesvegi 1, 200 Kópavogur

Tölvupóstur: skjalavarsla@kopavogur.is

Tilkynningum til Mosfellsbæjar skal beint til:

Nafn: Mosfellsbær,

Heimilisfang: Þverholti 2, 270 Mosfellsbær

Tölvupóstur: mos@mos.is

Tilkynningum til Seltjarnarnesbæjar skal beint til:

Nafn: Seltjarnarnesbær,

Heimilisfang: Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes

Tölvupóstur: postur@seltjarnarnes.is

Hluthafar skulu tilkynna öðrum hluthöfum og stjórn verði breytingar á framangreindum upplýsingum.

## 7. ÝMIS ÁKVÆÐI

Allar breytingar á hluthafasamkomulagi þessu skulu vera skriflegar og samþykktar af öllum aðilum þess.

Ef einhver ákvæði hluthafasamkomulags þessa verða dæmd ógild af dómstólum, skal samkomulagið halda gildi sínu að öðru leyti.

Töf eða aðgerðaleysi af hálfu aðila gagnvart brotum á hluthafasamkomulagi þessu skal ekki teljast þegjandi samþykki fyrir því að heimilt sé að brjóta ákvæði þess.

Hluthafasamkomulag þetta er gert í jafnmörgum eintökum og fjöldi aðila þessa samkomulags.

Hver og einn aðili staðfestir með undirritun sinni á hluthafasamkomulag þetta að aðild hans að þessu samkomulagi brjóti ekki gegn neinum samningum sem hann er aðili að eða öðrum skuldbindingum sem á honum hvíla.

## **8 GILDISTÍMI**

Hluthafasamkomulag þetta er bindandi milli aðila og gagnvart hluthöfum á meðan þeir eru hluthafar í félaginu.

Reykjavík, XXX. 2025

f.h. íslenska ríkisins

f.h. sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

forsætisráðherra

borgarstjóri Reykjavíkurborgar

fjármála- og efnahagsráðherra

bæjarstjóri Kópavogsbæjar

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

bæjarstjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar

bæjarstjóri Garðabæjar

bæjarstjóri Mosfellsbæjar

bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar



**S a m þ y k k t i r**  
**fyrir hlutafélagið**  
**“Almenningssamgöngur“ ohf.**

---

**Nafn félagsins, heimili og tilgangur**

**1. gr.**

Félagið er opinbert hlutafélag og er nafn þess „Almenningssamgöngur“ ohf.

Heimilisfang félagsins er Hamraborg 9, 200 Kópavogur.

Félaginu er, af hálfu ríkisins, komið á fót með heimild í ákvæði 5.17 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2025.

Samhliða uppfærslu á samkomulagi aðila frá 26. september 2019 um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum á höfuðborgarsvæðinu, (hér eftir nefndur „Samgöngusáttmáli“), hinn 21. ágúst 2024, gerðu ríkið og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu með sér samkomulag um rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Skv. 1. gr. samkomulagsins eru aðilar sammála um að koma á fót félagi eða rekstrareiningu um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Stofnun félags og samþykktir þessar fyrir opinbera hlutafélagið “Almenningssamgöngur ohf” eru gerðar á grundvelli þess samkomulags.

Tilgangur félagsins er að annast þróun, skipulag og rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu með sjálfbærni að leiðarljósi. Reksturinn tekur jafnt til leiðakerfis hefðbundinna strætisvagnleiða og Borgarlínu. Nánar tiltekið er tilgangur félagsins að stuðla að hagkvæmum hágæða almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu, stuðla að því að loftslagsmarkmiðum stjórnvalda um sjálfbært, kolefnishlutlaust borgarsamfélag verði náð, stuðla að auknu umferðaröryggi og að tryggja skilvirkt samstarf milli ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um trausta umgjörð á uppbyggingu hágæða almenningssamgangna.

## Meginmarkmið og verkefni félagsins

### 2. gr.

Meginmarkmið félagsins skulu vera eftirfarandi:

- a. Að stuðla að hagkvæmum hágæða almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu,
- b. Að stuðla að því að loftslagsmarkmiðum stjórnvalda um sjálfbært, kolefnishlutlaust borgarsamfélag verði náð,
- c. Að stuðla að auknu umferðaröryggi,
- d. Að tryggja skilvirkt samstarf milli ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um trausta umgjörð á uppbyggingu hágæða almenningssamgangna.

Meginverkefni félagsins skulu vera:

- a. Að veita almenna þjónustu á sviði almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu,
- b. Að taka þátt í þróun uppbyggingar innviða almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi við Betri samgöngur ohf.,
- c. Að vinna að áframhaldandi þróun og áætlanagerð vegna almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu,
- d. Að stýra daglegum rekstri fyrirtækisins og fylgja eftir fyrirbyggjandi áætlunum,
- e. Að móta stefnu fyrirtækisins varðandi leiðarkerfi, þjónustustig og fargjöld,
- f. Að framkvæma útboð og innkaup í samræmi við fyrirbyggjandi áætlanir,
- g. Að miðla til eigenda hvernig unnið er að því að ná fram þeim markmiðum sem skilgreind hafa verið með árangursmælingum.

Félaginu er einnig heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt.

## Hlutfé félagsins

### 3. gr.

Hlutfé félagsins greiðist í samræmi við hlutafasamkomulag milli stofnaðila og er á stofnfundi kr. 1.000.000.000 – einn milljarður króna- og skiptist í jafn marga hluti. Hver hlutur er að fjárhæð ein króna að nafnvirði. Hlutir skulu hljóða á nafn. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut.

#### 4. gr.

Ríkissjóður fer við stofnun félagsins með 33% eignarhluta og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborg, Garðabær, Hafnafjarðarkaupstaður, Kópavogsbær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær, samtals 67%.

Fjármála- og efnahagsráðherra (hér eftir nefndur ráðherra) skal fara með hlut ríkisins. Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (hér eftir nefnd SSH) skal fara með hluti sveitarfélaganna í félaginu í þeirra umboði.

Hluthafa er óheimilt að selja, lána, veðsetja, gefa eða framselja á annan hátt hluti sína í félaginu í heild eða hluta, án skriflegs samþykkis stjórnar félagsins. Hluthöfum er þó heimilt án skriflegs samþykkis stjórnar félagsins að framselja hluti sína í félaginu til annarra hluthafa þess. Ekki er heimilt að framselja hluti félagsins til annarra en hluthafa félagsins.

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar að fenginni heimild í fjárlögum af hálfu ríkisins og samþykktum fjárhagsáætlunum af hálfu sveitarfélaga. Öðrum en hluthöfum félagsins er óheimilt að skrá sig fyrir nýju hlutafé.

Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

#### 5. gr.

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum. Heimilt er að hafa skrána í tryggu lausblaðaformi eða tölvuskrá hana. Hlutaskrá skal geymd á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar og stjórnvöld aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

Í hlutaskrá skal greina:

- a) Hluti í númeraröð.
- b) Nöfn hluthafa, heimilisföng og kennitölu.
- c) Skráningardag eigendaskipta.

Stjórn félagsins skal að kröfu hluthafa eða veðhafa gefa út staðfestingu um færslu í hlutaskránni.

## 6. gr.

Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu, önnur en þau sem greind eru í samþykktum þessum.

## Hlutahafafundir

### 7. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra marka sem lög og samþykktir félagsins ákveða, er í höndum lögmæts hluthafafundar.

Á hluthafafundi félagsins fer fjármála- og efnahagsráðherra með atkvæðisrétt ríkisins og formaður stjórnar SSH með atkvæðisrétt fyrir hönd og í umboði sveitarfélaganna. Geta þeir veitt öðrum umboð til að fara með atkvæðarétt á fundinum fyrir þeirra hönd en óheimilt er að skipta atkvæðarétti upp eða fela fleiri en einum umboð til að fara með atkvæði fyrir þeirra hönd.

Aðalfundur skal haldinn á heimili félags eða þar sem stjórn ákveður að hann skuli haldinn hverju sinni, að jafnaði fyrir lok júní ár hvert.

### 8. gr.

Stjórn félagsins skal boða til hluthafafundar með tilkynningu til hluthafa, með rafrænum hætti eða á annan jafn sannanlegan hátt, með að lágmarki 14 daga fyrirvara. Skal boða stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og endurskoðendur félagsins á hluthafafund. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Fyrirsvarsmönnum hluthafa, auk kjörinna fulltrúa þeirra, er heimilt að sækja hluthafafund og taka þar til máls og bera upp fyrirspurnir.

Aðalfundur félagsins skal vera opinn öllum kjörnum fulltrúum eigenda félagsins, þ.e. bæði þingmönnum og sveitarstjórnarmönnum svo og framkvæmdastjórum viðkomandi

sveitarfélaga og skulu þessir aðilar hafa rétt til að taka til máls á fundinum og bera upp fyrirspurnir. Þá skal fulltrúum fjölmiðla heimilt að sækja aðalfund félagsins.

#### 9. gr.

Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara. Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundi. Fundarstjóri stýrir fundi og úrskurðar um ágreiningsatriði.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á hluthafafundi nema þess hafi verið getið í fundarboði, eða með sérstöku samþykki hluthafa.

Hluthafafundur er lögmaður ef hann er löglega boðaður.

#### 10. gr.

Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn, sbr. þó 7. gr.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundi nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum eða samþykktum þessum.

Samþykki allra hluthafa þarf þó til þess;

- a) að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar;
- b) að takmarka heimild aðila til meðferðar á hlutum sínum, umfram það sem áður er getið;
- c) að breyta ákvæðum samþykktum um hlutdeild aðila í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli, hvort sem er innan hlutaflokka eða milli hlutaflokka félagsins.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins má ekki taka til meðferðar á hluthafafundi hafi þess ekki verið getið í fundarboði, nema allir hluthafar félagsins samþykki það.

## 11. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

- a) Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
- b) Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins til samþykktar.
- c) Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðandi.
- d) Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað, sbr. ákvæði hluthafasamkomulags, eða tap og framlög í varasjóð.
- e) Starfskjarastefna stjórnar skal tekin fyrir til staðfestingar.
- f) Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðenda.
- g) Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni, sem löglega eru upp borin.

Stjórn félagsins skal boða til aukafundar eftir ákvörðun hennar eða að kröfu kjörinna endurskoðenda eða hluthafa sem ráða yfir a.m.k. einum tuttugasta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan 14 daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina stjórnvalda samkvæmt lögum um hlutafélög.

## Stjórn félags og framkvæmdastjóri

### 12. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm (5) einstaklingum og tveimur (2) til vara og skal val þeirra staðfest á aðalfundi ár hvert. Ráðherra tilnefni tvo (2) aðalmenn og einn (1) varamann, sem skal vera varamaður fyrir þá stjórnarmenn sem tilnefndir eru af ríkinu. SSH tilnefni þrjá (3) aðalmenn og einn (1) varamann. Stjórn SSH skipar formann stjórnar án tilnefningar úr hópi stjórnarmanna. Tilkynna skal ráðherra um fyrirhugað val á nýjum formanni félagsins með hæfilegum fyrirvara fyrir aðalfund, áður en val formanns er staðfest. Ráðherra tilnefni varaformann úr hópi stjórnarmanna og skal SSH jafnframt tilkynnt um fyrirhugað val með hæfilegum fyrirvara áður en það er staðfest.

Stjórn félagsins skal eins og unnt er leggja áherslu á gott samráð og samvinnu við helstu hagsmunaaðila þeirra verkefna sem félaginu er ætlað að sinna.

Stjórn skal horfa til almennra eigandastefna hluthafa félagsins.

Stjórnarmenn og framkvæmdarstjóri skulu vera lögráða. Þeir mega ekki á síðustu 5 árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða hlotið dóm í tengslum við atvinnurekstur samkvæmt

almennum hegningarlögum, samkeppnislögum og lögum um fjármálafyrirtæki, hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða gjaldþrotaskipti o.fl. Þeir skulu ekki vera kjörnir fulltrúar á Alþingi eða í sveitarstjórn.

### 13. gr.

Stjórn félagsins skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Halda skal fundargerð um stjórnarfund og skal staðfest fundargerð gerð aðgengileg öllum stjórnarmönnum.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna eða, eftir atvikum, varamenn þeirra sækja fund. Komi til atkvæðagreiðslu um afgreiðslu mála í stjórn skal einfaldur meiri hluti ráða niðurstöðu. Atkvæði formanns ræður úrslitum falli atkvæði jöfn innan stjórnar.

Stjórnarmenn og framkvæmdarstjóri skulu hvorki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga hagsmuna að gæta né mála er varða aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega. Þeir skulu jafnframt upplýsa stjórn um hagsmunatengsl eða önnur atriði sem eru til þess fallin að draga óhlutdrægni þeirra í efa.

### 14. gr.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra sem skal hafa haldgóða menntun og reynslu af stjórnun sambærilegra verkefna eða félaga. Stjórn ákveður laun framkvæmdastjóra og starfskjör. Ekki er heimilt að ráða stjórnarmann sem framkvæmdastjóra.

Stjórnin veitir framkvæmdastjóra prókúruumboð fyrir félagið. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu annarra starfsmanna félagsins.

Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

## **Reikningar félagsins og endurskoðun**

### **15. gr.**

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal á hverju ári semja ársreikning fyrir félagið og skal stjórnin hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðanda eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa félaginu löggiltan endurskoðanda.

Endurskoðandi skal rannsaka ársreikning félagsins í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og fjárhagsstöðu og er honum jafnan heimill aðgangur að öllum bókum félagsins og skjölum. Endurskoðandi skal hafa lokið endurskoðun ársreiknings eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Ber honum að senda endurskoðaða reikninga til stjórnar félagsins ásamt athugasemdum. Endurskoðaðan ársreikning skal leggja fyrir aðalfund félagsins til samþykktar.

Birta skal endurskoðaða ársreikninga, samstæðureikninga og sex mánaða árshlutareikning félagsins á vef félagsins.

## **Breytingar á samþykktum félagsins.**

### **16. gr.**

Samþykktum þessum má breyta á lögsmætum aðalfundi eða aukaaðalfundi í samræmi við samþykktir þessar eða lög um hlutafélög.

## **Önnur ákvæði**

### **17. gr.**

Félagið skal birta samþykktir þessar á vef félagsins.



Þannig samþykkt á stofnfundi félagsins þann xx 2025

f.h. íslenska ríkisins

f.h. sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

borgarstjóri Reykjavíkurborgar

fjármála- og efnahagsráðherra

bæjarstjóri Kópavogsbæjar

bæjarstjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar

bæjarstjóri Garðabæjar

bæjarstjóri Mosfellsbæjar

bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Við undirritaðir aðilar, gerum um stofnun hlutafélags svohljóðandi

# STOFNSAMNING

## 1.gr.

Félagið er opinbert hlutafélag og er nafn þess „Almenningssamgöngur“ ohf.

Heimilisfang félagsins er Hamraborg 9, 200 Kópavogur.

Félaginu er, af hálfu ríkisins, komið á fót með heimild í ákvæði 5.17 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2025.

Samhliða uppfærslu á samkomulagi aðila frá 26. september 2019 um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum á höfuðborgarsvæðinu, (hér eftir nefndur „Samgöngusáttmáli“), hinn 21. ágúst 2024, gerðu ríkið og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu (SSH) með sér samkomulag um rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Skv. 1. gr. samkomulagsins eru aðilar sammála um að koma á fót félagi eða rekstrareiningu um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Stofnun félags og samþykktir þessar fyrir opinbera hlutafélagið “Almenningssamgöngur ohf” eru gerðar á grundvelli þess samkomulags.

## 2.gr.

Tilgangur félagsins er að annast þróun, skipulag og rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu með sjálfbærni að leiðarljósi. Reksturinn tekur jafnt til leiðakerfis hefðbundinna strætisvagnleiða og Borgarlínu. Nánar tiltekið er tilgangur félagsins að stuðla að hagkvæmum hágæða almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu, stuðla að því að loftslagsmarkmiðum stjórnvalda um sjálfbært, kolefnishlutlaust borgarsamfélag verði náð, stuðla að auknu umferðaröryggi og að tryggja skilvirkt samstarf milli ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um trausta umgjörð á uppbyggingu hágæða almenningssamgangna.

Félaginu er ekki ætlað að skila arði og er hluthöfum óheimilt að taka arð út úr félaginu. Verði hagnaður af starfsemi félagsins skal honum ráðstafað í starfseminni til samræmis við samþykktir félagsins.

## 3.gr.

Stofnfé félagsins skal vera kr. 1.000.000.000,- einn milljarður króna. Hlutfé félagsins skiptist á milli hluthafa þess skv. neðangreindri sundurliðun.

Nafn	Kennitala	Nafnverð hlutfjár	
Ríkissjóður Íslands	540269-6459	330.000.000	33%
Reykjavíkurborg	530269-7609	377.200.000	37,72%
Garðabær	570169-6109	53.100.000	5,31%

Hafnarfjarðarkaupstaður	590169-7579	84.100.000	8,41%
Kópavogsbær	700169-3759	106.900.000	10,69%
Mosfellsbær	470269-5969	36.500.000	3,65%
Seltjarnarnesbær	560269-2429	12.200.000	1,22%

Eigendur greiða inn stofnfé félagsins í átta jöfnum greiðslum frá 1. maí 2025 að telja. Greiðslur skal inna af hendi fyrsta dags hvers mánaðar. Þann 1. desember 2025 verður stofnfé því að fullu greitt.

#### **4.gr.**

Kostnaður við stofnun félagsins greiðist úr félagssjóði. Áætlaður kostnaður við stofnun er 250.000 kr.

#### **5.gr.**

Hluthafa er óheimilt að selja, lána, veðsetja, gefa eða framselja á annan hátt hluti sína í félaginu í heild eða hluta, án skriflegs samþykkis stjórnar félagsins. Hluthöfum er þó heimilt án skriflegs samþykkis stjórnar félagsins að framselja hluti sína í félaginu til annarra hluthafa þess. Ekki er heimilt að framselja hluti félagsins til annarra en hluthafa félagsins.

#### **6.gr.**

Stjórn félagsins skal skipuð fimm (5) einstaklingum og tveimur (2) til vara og skal val þeirra staðfest á aðalfundi ár hvert. Stofnfundur kýs stjórn og endurskoðanda til fyrsta aðalfundar.

#### **7.gr.**

Stofnendur gera með sér sérstakt hluthafasamkomulag þar sem nánar er kveðið á um samstarf hluthafa í félaginu, innan marka stofnsamnings þessa.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu skal fara með hluti sveitarfélaganna í félaginu í þeirra umboði.

#### **8.gr.**

Drög að samþykktum félagsins eru hluti af stofnsamningi þessum.

Öllu framanrituðu til staðfestu rita aðilar nöfn sín í votta viðurvist.

Reykjavík, XXX. 2025.

f.h. íslenska ríkisins

f.h. sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

fjármála- og efnahagsráðherra

borgarstjóri Reykjavíkurborgar

bæjarstjóri Kópavogsbæjar

bæjarstjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar

bæjarstjóri Garðabæjar

bæjarstjóri Mosfellsbæjar

bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu